

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga 1997 - 2017, hafnargarður.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 7. júlí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi iðnaðarsvæðisins á Grundartanga 1997 - 2017 frá 18. desember 1996.

Breytingin felur í sér lengingu á viðlegukanti hafnarinnar um 250 metra í suðvesturátt.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skilmannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 7. júlí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 5.2.1. fellur brott.

2. gr.

Grein 5.2.2. verður svohljóðandi:

Fiskiskip, sem er styttra en 12 m að lengd, skal búið gúmmíbjörgunarbáti sem rúmar a.m.k. alla skipverja.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast gildi 1. október 2004.

Samgönguráðuneytinu, 5. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.